

# DRÖG

## Erindisbréf –

### **vinnuhópur um endurskoðun samgönguáætlunar Vesturlands**

1.gr.

Stjórn SSV skipar fimm fulltrúa í vinnuhóp um endurskoðun samgönguáætlunar Vesturlands fyrir árin 2017-2029. Hópurinn tekur til starfa í september 2020 og er áætlað að hann ljúki störfum í mars 2021. Stjórn SSV skipar formann hópsins. Tilgangurinn með vinnu hópsins er að endurskoða stefnu fyrir Vesturland í samgöngumálum, gera grein fyrir helstu áætlunum og forgangsraða verkefnum.

2.gr.

Skipa skal í hópinn samkvæmt tilnefningum frá eftirfarandi aðilum.

- Einn fulltrúi tilnefndur af Akraneskaupstað og Hvalfjarðarsveit
- Einn fulltrúi tilnefndur fyrir Borgarbyggð og Skorradal
- Einn fulltrúi tilnefndur af Dalabyggð
- Einn fulltrúi tilnefndur af byggðasamlagi Snæfellinga
- Formaður hópsins er skipaður af stjórn SSV.

3.gr.

Hlutverk starfshópsins er:

- að endurskoða samgönguáætlun fyrir Vesturland sem gildir fyrir árin 2017 til 2029. Tillagan þarf að ná yfir vegamál, hafnarmál, flugvelli og fjarskiptamál á Vesturlandi.
- að forgangsraða framkvæmdum á skipulagstímanum
- að skila samgönguáætlun Vesturlands í skýrsluformi til stjórnar SSV.

4.gr.

Starfsmenn SSV vinna með hópnum eftir þörfum. Starfsmenn SSV sjá um að færa fundargerð í tölvu og undirbúa fundi í samráði við formann vinnuhópsins. Hópurinn getur kallað til sín gesti á fundi ef þurfa þykir.

5.gr.

Vinnuhópurinn fær greitt samkvæmt nefndataxta SSV. Hafa skal sem viðmið að hópurinn fundi allt að sex sinnum á starfstímanum. Áætlað er að hópurinn ljúki vinnu sinni í mars 2021.

Borgarnesi xx.xx 2020